

Lífsleikni - 8. bekkur

Markmið, kennsluaðferðir og kennarar

Í lífsleikni vinna nemendur með námsefni sem miðar að því að byggja upp seiglu og stuðla að betri heilsu. Unnið er með bjargráð, sjálfstraust, félags- og tilfinningahæfni, heilsu og núvitund. Skilningur á þessum hugtökum veitir nemendum verkfæri sem nýtast þeim í daglegu lífi. Grunnurinn í kennslunni byggist á alþjóðlegum verkefnum, svo sem UPRIGHT og FTS-námi (félags-, tilfinninga- og siðferðisnám), jákvæðri sálfræði og mannkostamenntun. Einnig verður notast við dagbókina Eitt líf, námsefni sem hefur forvarnargildi gegn áhættu hegðun.

Tímarnir byggja á erindum, umræðum og æfingum með áherslu á virka þátttöku nemenda.

Stuðst verður við fjölbreyttar kennsluaðferðir á borð við lestur, verkefnavinnu, skapandi verkefnavinna, innlagnir frá kennara, samtöl, umræður, kynningar á verkefnum nemenda, jafningjafræðsla, horft og hlustað á fræðsluefni, einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna.

Lífsleikni er kennd hálfum bekk í senn og hóparnir skiptast um áramót. Hóparnir eru kynjaskiptir.

Kennari: Þórunn Ylfa Brynjólfsdóttir

Netfang: thorunn.y.brynjolfsdottir@seltjarnarnes.is

Námsmat

- Námsmat verður í formi símans. Notast verður við leiðsagnarmat, umræður og nýting matskvarða við kynningar og önnur skilaverkefni.
- Skila verður verkefnum úr öllum umfjöllunarefnum áfangans til að teljast hafa lokið áfanganum. Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um verkefnaskil. Ef hann missir af hópverkefni verður hann að skila því sem einstaklingsverkefni í samráði við kennara.
- Hæfniviðmið á hæfnikorti nemenda eru metin í bókstöfum (A, B+, B, C+, C, D, L og Ó). Auk þess fá nemendur lokið eða ólokið fyrir verkefni í mentor

Námsaðlögun

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur vinna á eigin forsendum, eftir getu sinni og undir leiðsögn
- Kennarar veita bráðgerum nemendum tækifæri til að dýpka námsefnið hverju sinni
- Sérkennarar og faggreinakennarar vinna saman að því að finna leiðir og verkefni sem henta þroska og getu nemenda
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir nemendur sem geta ekki fylgt skólanámskrá

Hlutverk og vinnulag nemandans

Hér koma fram viðmið um:

Samskipti	Nemendur sýni samnemendum sínum og kennara virðingu og tileinka sér jákvæðni, tillitssemi og kurteisi.	Viðbrögð við ritstuld	
Mæting og virkni í tímum	Nemendur mæta stundvíslega í tíma. Nemendur taki virkan þátt og fari eftir fyrirmælum.	Heimavinna og hjálpargögn	Nemendur skili verkefnum samkvæmt námsáætlun og upplýsingum í Mentor. Ef nemendur þurfa á hjálpargögnum er það unnið eftir þörfum hvers og eins
Hlutverk nemenda	Að taka kennslustundina alvarlega, mæta stundvíslega, öll vinna saman og taka virkan þátt, að sýna tillitssemi og kurteisi, öll hafa rétt á að koma með tillögur sem hlustað er á, að vera jákvæð, að virða jafnt nemendur sem kennara. Nemendur bera ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum.	Hlutverk kennara	Að taka kennslustundina alvarlega, mæta stundvíslega, öll vinna saman og taka virkan þátt, að sýna tillitssemi og kurteisi, öll hafa rétt á að koma með tillögur sem hlustað er á, að vera jákvæð og virða nemendur. Kennari skal vera vel undirbúinn og miðla þekkingu til nemenda sinna. Kennari aðlagar kennsluhætti að þroska og getu nemenda og mætir mismunandi þörfum þeirra.

Lykilhæfni í námsgrein

Lögd er áhersla á eftirfarandi lykilhæfniviðmið í námsgreininni:

Nemandi getur:

- sett sér fjölbreytt og skapandi markmið á grunni persónulegra styrkleika og tileinkað sér hugarfar vaxtar.
- tjáð hugmyndir og tilfinningar á skýran og skipulegan hátt.
- brugðist við margvíslegum upplýsingum og hugmyndum, hlustað, tekið þátt í umræðum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.
- tileinkað sér og nýtt fjölbreyttan orðaforða og viðeigandi hugtök sem tengjast ólíkum viðfangsefnum.
- sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum.
- geti unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi.

Námsáætlun

Tímabil og viðfangsefni	Hæfniviðmið	Námsmat	Kennsluaðferðir	Námsefni
Vika 1 - 4 Kynning á námsefni og hæfniviðmiðum Sjálfsmynd, umhverfi og styrkleikar Tilfinningar og bjargráð	Nemandi getur: • Útskýrt hvernig sjálfsmynd mótask af menningu, félagslegu umhverfi, aðstæðum og alþjóðlegum áhrifum. • Þekkt margbreytileika eigin tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta. • Röktutt mikilvægi eigin jákvæðra lífsviðhorfa,	Námsmat verður í formi símats. Notast verður við leiðsagnarmat, umræður og nýting matskvarða við kynningar og önnur skilaverkefni.	Einstaklingsverkefni: Fyrirmyndin mín Hugleiðsla og núvitundaræfingar leiddar af kennara Hópverkefni: Vaxtarkviss Klípusögur um seiglu Einstaklingsverkefni: Svefnrannsókn þar sem nemendur skrifa hjá sér hversu mikinn svefn þeir fá og hvaða	Sjálfsmynd og styrkleikar: • Eitt líf: kaflar 1.3, 1.4, 1.5 og 1.6 • Námsefni frá kennara um persónu styrkleika. Tilfinningar og bjargráð • Eitt líf: kaflar 2 • Upright: kaflar 2 Núvitund: • Eitt líf: kaflar 7 • Upright: kaflar 1 Vaxtarhugarfar: • Eitt líf: kaflar 10.3

Seigla og seiglusvæðið Vika 9 - 12 Félags og tilfinningahæfni Heilbrigði (heilsa, svefn, skjánotkun, hreyfing, næring og félagar): Kynheilbrigði og kynhyrningurinn Vika 13 - 16 Árangur og draumalífið Lokaverkefni	hugarfar vaxtar og seiglu fyrir persónulega farsæld og þroska. - Gert sér grein fyrir þörfum sínum og fjallað um ábyrgð sína á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði. - Beitt hugtökum tengdum kynjafræði og útskýrt hvaða hlutverki þau gegna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd. - Gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og myndað sér raunhæfa framtíðaráætlun á grunni þeirrar sjálfsþekkingar.		áhrif svefninn hefur á líðan og orku Hópverkefni um kynheilbrigði Einstaklingsverkefni: Draumafangarinn - Hver er minn stærsti draumur? Hvað þarf ég að gera til að hann verði að veruleika? Hópverkefni: Nemendur velja sér eitt viðfangsefni sem farið hefur verið í á önninni og gera myndbandsverkefni.	- Upright: kafli 3b Seigla og seiglusvæðið: - Eitt líf: kafli 10.2 og 10.4 - Upright: kafli 3c og 3d Félags og tilfinningahæfni: - Upright: kafli 4 Heilbrigði: - Eitt líf: kafli 5 Árangur og draumalífið: - Eitt líf: kafli 10.5 og 10.6 - Upright: kafli 3c
--	---	--	---	--